



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í Þyt þann 11. Febrúar 2025

Fundur hófst: 19:35

Fundi slitið: 22:30

Fundinn sátu: Helga Veronica Foldar, Þóra Z. Þórðar, Haukur Vagnsson, Ólafur Ágúst Axelsson, Rán Pétursdóttir, Þóra Björk Elvarsdóttir

Arnbjörn formaður SKFÍ sat á fundinum milli 20:00 og fór 21:15

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Samstarfssamningur milli SKFÍ og Þyts

- Arnbjörn kynnti starfsemi Sportkafarafélagsins fyrir nýrri stjórn Þyts vegna samtals um samstarf milli félagana.
- Stjórn kynnti fyrir Arnbirni hugmyndina um að vera með gám innan girðingar hjá Þyt fyrir pressurnar þeirra til að fylla á kútana.
- Þeir myndu sjá um öll leyfismál varðandi pressurnar
- Stjórn jákvæð fyrir þessu.

2. Skrifa undir bankamál og RSK

- Stjórn skrifar undir og HVF kemur því á rétta staði til að hægt sé að færa umboð á milli fráfarandi gjaldkera og nýs gjaldkera.

3. Önnur mál

- Hljóðvist í salnum. Það þarf að fara í ráðstafanir til að laga það.
- Slys vegna lúgunnar upp í turnherbergi. Stjórn felur Bjarka að leysa það svo það valdi ekki frekari slysum.
- Þóra og Helga Veronica kynntu tilboðið frá Ikea fyrir innréttingu inn á kaffistofu ásamt tilboði í uppþvottavél frá Elko. Stjórn samþykkir að taka þessum tilboðum.
- Skýjaborgin sem stjórn vill losna við af lóð Þyts. Haukur er með tillögu um að bera þetta mál upp á Siglingaþinginu og athuga hvort að einhverjir innan hinna siglingaklúbbana vilji fjarlægja bátinn þar sem við þurfum að öðrum kosti að farga honum til að losa hann af okkar lóð.
- Siglingaþingið verður 22. Febrúar og Helga Veronica ætlar að mæta ásamt a.m.k. einni annari manneskju úr stjórn Þyts, Haukur fer en Þóra til vara ef hann kemst ekki.

Næsti stjórnarfundur boðaður 18.02.25.